

Bæjarsjóður hefur umfram allar aðrar kröfur forgangsveð í efni, sem komið er í hina óleyfðu byggingu, fyrir endurgreiðslukröfu sinni. 195  
22. okt.

Sektir fyrir brot á byggingarsamþykkt skulu nema 100 til 30000 krónum, og skal farið með slík mál sem almenn lögreglumál. Ef haldið er áfram byggingu, eftir að bann hefur verið lagt við henni samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, varðar það eigi minna en 1000 króna sekt. Veita skal borgarstjóra kost á því fyrir hönd bæjarsjóðs að gera í refsimálinu kröfur til þess, að kærði verði dæmdur til að greiða þann kostnað, sem leitt hefur af broti hans.

### 39. gr.

Byggingarfulltrúi skal semja skrá yfir allar þær byggingar, sem reistar hafa verið í óleyfi, áður en samþykkt þessi gekk í gildi. Síðan skal með venjulegum hætti skorið úr, hvort unnt er að veita leyfi fyrir einhverjum þeirra. Hinar byggingarnar skal rífa, þegar bæjarstjórn krefst þess, og er henni skylt að gera slíka kröfu, nema hún telji, að nauðsyn sé á, að byggingin standi vegna almennra húsnæðisvandræða. Á meðan einhverjar hinna óleyfðu bygginga standa samkvæmt þessari heimild, skal það árlega horið undir bæjarstjórn, hverjar þeirra hún vill þá láta rífa. Nú stendur slík óleyfð bygging á óútvisuðu eignarlandi bæjarins, og öðlast eigandi byggingarinnar engan rétt til landsins, þótt hún standi þar.

Um niðurrif og brotnám þeirra bygginga, sem bæjarstjórn samkv. 1. mgr. krefst, að brott séu teknar, fer eftir því, sem í 38. gr. segir, og varðar það viðurlögum samkv. henni, ef byggingin er eigi rifin eða numin brott, jafnskjött og krafizt er.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 31. október 1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur, til að öðlast gildi þegar í stað, og fellur þá jafnframt úr gildi byggingarsamþykkt fyrir Reykjavík frá 7. september 1903 og allar þær breytingar, sem á henni hafa verið gerðar.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. október 1945.*

**Finnur Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

## AUGLÝSING

196

30. okt.

**um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða á Ísafirði, nr. 72 7. ágúst 1930.**

e-liður 2. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Á tímabilinu frá 15. maí til 14. september skal á laugardögum loka sölubúðum og sölustöðum kl. 12 á hádegi. Á sama tímabili má vera opið til kl. 19 á föstudögum.

Á tímabilinu frá 15. september til 14. maí skal á laugardögum loka sölubúðum og sölustöðum kl. 16, nema á síðustu tveimur laugardögum fyrir jól, þá má vera opið til kl. 18.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. október 1945.*

**Finnur Jónsson.**

*Páll Pálmason.*